



Frjálsíþróttadeild FH  
kt. 681189-1229

Hafnarfirði 6. júní 2013

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Stjórn frjálsíþróttadeildar FH óskar eftir því við bæjarráð Hafnarfjarðar og aðalstjórn FH að sú kyrrstaða sem hefur verið síðustu mánuði vegna framkvæmda við frjálsíþróttahús verði rofin.

Lagt er til að aðilar, Hafnarfjarðarbær og FH, hefji nú þegar viðræður um að framkvæmdin verði sett af stað aftur í flýtiframkvæmd, sem er velþekkt framkvæmdaaðferð á milli íþróttafélaga innan ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar.

Mikilvægt er að ljúka framkvæmdum, út frá þeirri hönnun sem nú þegar liggur fyrir, sem endurrýnd var af hálfu byggingarnefndar Kaplakrika á árunum 2009 og 2010.

Það er velþekkt að framkvæmdir við húsið hafa frestast, en miðað við stöðu hússins er það mikilvægt að taka lokahnikinn á ljúkningu framkvæmda þ.a. frjálsíþróttaaæfingar og keppni hefjist í húsinu sem fyrst og önnur almenn starfsemi.

Það þekkjá einnig allir að þessi mikla töf hefur komið verulega niður á starfsemi deildarinnar og í dag er frjálsíþróttadeild FH með eina lökustu innanhúsaðstöðuna allra frjálsíþróttadeilda á landinu.

Með ósk um jákvætt svar við þessari ósk um að aðilar hefji viðræður, nú þegar, um flýtiframkvæmdasamning.

Með samstarfskveðju,


f.h. stjórnar frjálsíþróttadeildar FH

*Eggert Bogason*

Eggert Bogason

varaformaður frd.FH

Samrit: Aðalstjórn FH

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	11.6.2013
Málsnr:	306119
Bréfal:	253.1